



Dagsetning: 14. febrúar 2023
Málsnúmer: 2111076/8.10

Til bæjarstjórnar

MINNISBLAÐ

Deildarstjóri íþróttamála leggur til að breytingar verði á rekstrar- og uppbyggjastyrkjum, frístundastyrkjum og styrkjum til meginfélaga.

Til margra ára hefur Fjarðabyggð veitt rekstrar- og uppbyggjastyrk til tómstundafélaga sem reka sína eigin aðstöðu. Styrkir þessir hafa alltaf verið gerðir samkvæmt samningi í samvinnu við tómstundafélög og ávallt til þriggja ára. Kvaðir rekstrar- og uppbyggjastyrkja hafa verið á þann veg að félög skulu vera með starf fyrir börn og ungmenni af einhverju tagi. Deildarstjóri leggur til að horft verði til þess að félög sem bjóða uppá starf fyrir eldra fólk (65 ára og eldra) hafi einnig aðgang að rekstrar- og uppbyggjastyrkjum.

Einnig leggur deildarstjóri íþróttamála til að rekstrar- og uppbyggjastyrkir séu auglýstir ár hvert og geta samið við tómstundafélög frá eins ár samningum til fimm ára. Aðrar kvaðir yrðu þær að umsóknarfrestur verður ávallt til 1. mars og skil á öllum fylgigögnum sé 1. apríl ár hvert, fyrir utan núverandi ár 2023 þar sem veittur er undanþága um auka mánuð vegna breytinga á styrkjum.

Breytingar á frístundastyrkjum yrðu þær að miða við aldurinn 6-18 ára í staðinn fyrir að miða við fæðingarár, er það eingöngu til þess að þurfa ekki að breyta frístundastyrknum ár hvert.

Meginfélaga styrkur sem skiptist á milli meginfélagana sex í Fjarðabyggð var breyttur árið 2021 á þann veg að talið yrði samkvæmt fjölda iðkenda en ekki fjölda barna í skólum. Deildarstjóri leggur til að iðkendur séu taldnir 0,5 aukalega ef þeir stunda fleiri en eina íþrótt innan sama félags. Það endurspeglar ef iðkandi æfir þrjár íþróttir innan sama félags er hann talinn sem tveir, ef iðkandinn æfir tvær íþróttir er sá hinn sami talinn sem 1,5. Þetta gæti hugsanlega ýtt við íþróttafélögin að bjóða uppá fjölbreyttara íþróttastarf innan síns félags.

Magnús Árni Gunnarsson

Deildarstjóri